



Fundargerð

Svæðisráð vestursvæðis - 100. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á fjarfundi, 12. janúar 2022, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skaftárhrepps,
Ásta Berghildur Ólafsdóttir, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Ingibjörg Eiríksdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka,
Karl Ingólfsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarféлага,
Fanneý Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður,
Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar,
Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur.

1. Vestursvæði - af vettvangi stjórnar - 1805025

Formaður fór yfir mál af vettvangi stjórnar VJP.

Formaður boðaði forföll og því féll þessi liður niður.

2. Ferlar og reglur vegna stjórnar og svæðisráða Vatnajökulspjóðgarðs - 2103013

Svæðisráð VJP - mótun verklags og innleiðing góðra stjórnháttá: Ingibjörg Halldórsdóttir.

Lögfræðingur VJP kynnti yfirstandandi vinnu við mótun og innleiðingu verklags og betri og skilvirkari stjórnháttá.

3. Aðalskipulag - Skaftárhreppur - endurskoðun - 2001019

Jóna Björk kynnir stöðu á vinnu við endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps. Frekari upplýsingar má nálgast á [klaustur.is](https://www.klaustur.is),

<https://www.klaustur.is/is/mannlif/frettir/endurskodun-adalskipulags-2019-2031>

Núgildandi aðalskipulag Skaftárhrepps gildir 2010 til 2022 og verið er að vinna aðalskipulag sem gilda á til ársins 2034. Ekki miklar breytingar frá núgildandi aðalskipulagi sem lagt er til grundvallar.

Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna eru skrifuð inn í aðalskipulagið og áhersla lögð á sjálfbærar smávirkjanir og á landgræðslu og kolefnisbindingu.

Kynningin á drögum að greinagerð, umhverfismatsskýrslu og skipulagsupprætti bæði fyrir þéttbýlið og dreifbýli var sett á netið fyrir jól með umsagnarfresti til 5. janúar.

VJP sendi inn nokkrar smávægilegar ábendingar.

Skipulagstillagan og umhverfisskýrslan verða auglýstar í apríl.

4. Vestursvæði - Skýrsla þjóðgarðsvarðar - 1912003

Þjóðgarðsvörður fór yfir stöðuna í lok árs og fyrirliggjandi verkefni.

Þjóðgarðsvörður kynnti stöðu verkefna. Góður gangur er í byggingu gestastofu við Sönghól, þó sementsskortur í landinu hafi tafið framkvæmdir í lok árs.

Beðið er fjárveitingabréfs svo hægt sé að leggja lokahönd á mannahaldsáætlun fyrir sumarið. Þessa dagana er verið að vinna að fréttabréfi og ársskýrslu fyrir vestursvæði og framundan er næsti áfangi í endurskoðun S&V og Fræðsluáætlun VJP. Sótt var um styrk til skiltagerðar, í Landsáætlun um uppbyggingu innviða. Niðurstaða ætti að berast í mars.

Fundargerð ritaði: Fanneý Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 14:30.